



Um nemendur með sértæka námsörðugleika

Nemendur sem greinst hafa með sértæka námsörðugleika, eru af erlendu bergi brotnir, hafa búið lengi erlendis, eða eru haldnir hamlandi prófkvíða geta sótt um það til náms- og starfsráðgjafa að fá lengri tíma í jóla- og vorprófum. Nemendur þreyta þá próf í sérstofu og bætist hálf tími við próftíma. **Slíkt erindi þarf að berast náms- og starfsráðgjöfum á fyrstu 4 vikum hvors misseris.**

Sértækir námsörðugleikar

Forsenda lengri próftíma er að nemandi skili greiningu til náms- og starfsráðgjafa. Nýnemar með sértæka námsörðugleika sækja sérstakt stafsetningarnámskeið á haustmisseri og á vormisseri. Námskeiðin eru á vegum skólans og nemendum að kostnaðarlausu.

Prófkvíðnir

Forsenda lengri próftíma er að nemandi leiti sér aðstoðar hjá sérfræðingi, sálfræðingi eða geðlækni og skili inn vottorði sem staðfestir að hann eigi í erfiðleikum hafi mætt í viðtöl vegna kvíðans a.m.k. 2 sinnum á hvoru misseri hjá viðkomandi sérfræðingi.

Vegna langrar dvalar erlendis

Forsenda lengri próftíma er að nemandi hafi ekki stundað nám á Íslandi í 8. 9. og 10. bekk grunnskóla eða skili inn greinaðgerð til náms- og starfsráðgjafa um nauðsyn þess að fá lengri próftíma í jóla- og vorprófum. Nýnemar sem hafa dvalist lengi erlendis geta sótt sérstakt stafsetningarnámskeið á haustmisseri og á vormisseri. Námskeiðin eru á vegum skólans og nemendum að kostnaðarlausu.

Langveikir nemendur eða nemendur í tímabundnum persónulegum erfiðleikum geta einnig sótt um það til náms- og starfsráðgjafa að fá lengri tíma í jóla- og/eða vorprófum. Mikilvægt er að nemendur sækji um þetta úrræði strax að hausti eða eins og áður segir á fyrstu fjórum vikum misseris. Nemendur skulu einnig vera í góðu sambandi við náms- og starfsráðgjafa um þetta úrræði.

Athugið að í sérstofu er óheimilt að skila úrlausn fyrr en próftíma er lokið. Einnig þarf að sækja um lengri próftíma ár hvert.

Náms- og starfsráðgjafar MR

Toby Sigrún Herman Netfang: toby@mr.is Sími: 545-1930.
Guðrún Þ. Björnsdóttir Netfang: gudrunth@mr.is Sími: 545-1929